

Matvælastofnun
Austurvegur 64
800 SELFOSS

Garðabær, 10. mars 2022
Málsnúmer: 202202-0024
BK

Efni: Umsögn um umsókn Icelandic Mussel Company um ræktunarleyfi í Hvammsfirði.

Vísað er til tölvupósts frá Matvælastofnun, dags. 17. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna umsóknar Icelandic Mussel Company um ræktunarleyfi í Hvammsfirði. Leitast var eftir að Náttúrufræðistofnun legði mat á „það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiahhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.”

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Fyrirhugað ræktunarsvæði er innan Breiðafjarðar sem er verndaður með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og sem er einnig tilnefndur af Náttúrufræðistofnun á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fjörugerða, fugla og sela. Lífríki Breiðafjarðar er afar fjölskrúðugt, þar eru umfangsmestu þaraskógar hér við land, svæðið er gífurlega ríkt af fuglalífi, selaláturá skerjum og eyjum auk þess sem uppeldisstöðvar margra mikilvægra nytjastofna er þarna að finna.

Stefnt er að línuræktun á bláskel og kemur fram að framleiðslumagnið geti orðið allt að 300 tonn en ekki kemur fram hvort þar sé um að ræða árlega framleiðslu eða yfir lengra tímabil. Í umsóknina vantar einnig ítarlegri upplýsingar um það hvernig búnaðurinn verður settur upp, s.s. fjöldi lína/safnara, lengd og bilið á milli þeirra. Einnig þyrfti að koma fram tíðni og tímasetning vitjana til að hægt sé að meta möguleg áhrif af völdum truflunar á fuglalíf en óðul hafarna er að finna í Hvammsfirði en haförn er tegund sem er mjög viðkvæm fyrir truflun á varptíma.

Skeldýrarækt getur haft margvísleg áhrif á nær- og fjærleggjandi vistkerfi, s.s. á lífmassa plöntusvifs (sem hefur áhrif áfram upp fæðukeðjuna), setupsöfnun, tegundasamsetningu og hafstrauma svo dæmi séu tekin. Þessi áhrif geta verið neikvæð og því er brýnt að vakta lífríkið í grennd við skeldýraræktun og samkvæmt lögum um skeldýrarækt skal umsókn fylgja áætlun um fyrirhugaða vöktun á ræktunarsvæðinu (9. gr. laga nr. 90/2011) en engin slík áætlun fylgdi þeim gögnum sem bárust til Náttúrufræðistofnunar.

Þekkt er að margar fuglategundir sækja í skeldýrarækt og mikilvægt er að aðgerðir til að draga úr ásókn fugla séu hófstilltar og valdi fuglunum ekki tjóni.

Þá er nauðsynlegt að skoða samlegðaráhrif þessarar ræktunar við önnur fyrirhuguð ræktunarsvæði í Hvammsfirði.



Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar
Náttúrufræðistofnun Íslands

